



12. fundur stjórnar Aftureldingar 14. nóv. 2012

Fundur settur kl. 18:20 að Varmá.

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason, Hekla Klemenzdóttir, Helga Jóhannesdóttir og Kristín Reynisdóttir.

Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri sat fundinn

Dagskrá:

1. Uppskeruhátíð.
2. Upplýsingavefur UMFA.
3. Tilnefningar fyrir afmæli UMSK.
4. Innheimtubjónusta.
5. Fundir með deildum
6. Önnur mál

1. Uppskeruhátíð. Kristín og Ásmundur hafa haft veg og vanda af undirbúningi Uppskeruhátíðar fyrir hönd aðalstjórnar. Morgudagskrá er klár en hún stendur frá kl. 10-12. Guðrún Kristín Einarsdóttir verður vaktstjóri og Halla Heimisdóttir kynnrir. Boðið í sund í hádeginu. Handboltinn setur upp sviðið strax að lokinni morgundagskrá. Fótboltinn sér um að koma fyrir borðum og ganga frá þeim eftir að hátíðinni lýkur. Aðrar deildir sjá í sameiningu um veitingar. Síðdegisdagskrá hefst kl. 15, kynnrir verður Anna Sigríður Guðnadóttir. Jón Jónsson íþróttá- og tónlistarmaður mætir, ræðir við gesti og tekur lagið.

Aðalstjórn fór yfir tilnefningar til ýmissa viðurkenninga og niðurstaðan varð eftirfarandi:

Vinnuþjarkur - Richard Már Jónsson formaður Taekwondo

Starfsbikar - Badmintondeild

Hópbikar UMSK – Mfl. kvenna blak

UMFUS bikar – Bjartasta vonin - 3ji flokkur karla í fótbolta

Íþróttafólk Aftureldingar -

Lára Kristín Pedersen íþróttakona Aftureldingar

Wentzel Steinarr Ragnarsson Kamban íþróttakarlf Aftureldingar

Sérstakar viðurkenningar hljóta Þórir Gunnarsson frjálisíþróttamaður og hópstjórar og hjálparhellur

sem stóðu sig sérstaklega vel við framkvæmd 50+ mótsins í sumar: Ásgeir Sveinsson, Anna

Sigurðardóttir og Stefán Alfreð Stefánsson, Hlynur Guðmundsson, Guðrún Kristín Einarsdóttir, Jónas

Pétur Aðalsteinsson og Helga Jóhannesdóttir

2. Upplýsingavefurinn hefur verið í lamasessi og ekki tekist að fá þann aðila sem setti upp vefinn og til að laga það sem aflaga hefur farið eða að gera þjónustusamning. Málið rætt.
3. Tilnefningar v. afmælis UMSK. Málin rædd og formanni og framkvæmdastjóra falið að senda þrjár tilnefningar.
4. Innheimtubjónusta. Framkvæmdastjóri fór yfir þá möguleika sem eru á að nýta þjónustu innheimtufyrirtækis við innheimtu æfingagjalda. Framkvæmdastjóri kannar verð og fær tilboð frá nokkrum fyrirtækjum.

5. Fundir með deildum. Hekla gjaldkeri fór yfir þau mál sem helst bar á góma á fundunum. Endanleg skýrsla kemur frá gjaldkera fyrir hverja deild fyrir sig.
6. Önnur mál.
 - a. Farið yfir stöðu uppgjörs við fyrrv. framkvæmdastjóra
 - b. Umræður um skiltið við Vesturlandsveg.

Fundi slitið kl. 20:28. Næsti fundur verður haldinn 28. nóvember.

Fundarritari Anna Sigríður Guðnadóttir ritari aðalstjórnar.

1. Fundir með deildum og fulltrúum aðalstjórnar eru fyrirhugaðir í næstu viku. Fulltrúar aðalstjórnar á þessum fundum eru Guðjón, Helga, Hekla og Jóhann. Farið verður m.a. yfir fjármál deildanna.
2. Verið er að undirbúa viðræður við Mosfellsbæ.
3. Verið er að undirbúa Uppskeruhátíð.
4. Jákvætt að fá tengingu félagsins í skólaráð Varmárskóla. Hvert hlutverk þessa fulltrúa grenndarsamfélagsins í Skólaráði er óljóst. Ákveðið að fá fulltrúann á fund með framkvæmdastjóra og varaformanni sem fyrst. Ákveðið að senda erindi til fræðslunefndar Mosfellsbæjar um að fá fulltrúa í alla grunnskólana til þess að gæta jafnræðis í skólakerfinu.
5. Önnur mál.
 - a. Bréf frá UMSK. Kynning á skýrslu Rannsóknar og greiningar fyrir UMSK um ánægju iðkenda félagsins fyrir aðalstjórn, formenn deilda, þjálfara, íþrótta- og tólmstundanefnd og starfsfólki íþróttamannvirkja er fyrirhuguð síðar.
 - b. Uppgjöri Landsmóts 50+ er ekki lokið.
 - c. Rædd samskipti starfsfólks íþróttamannvirkja við starfsfólk og iðkendur Aftureldingar.